



FLUGSTOÐIR

ISAVIA

Flugslysaæfingin Egilsstaðir 2009



Lokaskýrsla



Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangsorð	5
Orðskýringar	7
Handrit æfingarinnar	8
Almennt um framgang æfingarinnar	9
Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir	12
Vettvangur → Þorlákur Snær Helgason og Ingimar Eydal	14
Aðgerðarstjórn → Lárus Bjarnason	16
Vettvangsstjóri → Hjalti Bergmar Axelsson	20
Gæslustjóri → Jens Hilmarsson	22
Brunavarnir á Austurlandi, Egilsstöðum - Björgunarstjóri → Víðir Sigbjörnsson	24
Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum - Björgunarveitin Hérað - Rauði kross Íslands Egilsstöðum → Bára Benediktsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir	27
HSA Seyðisfirði, greiningarsveit staðsett á SSS → Ólafur Sveinbjörnsson	29
HSA - Yfirstjórn → Stefán Þórarinnsson	32
Flugturn → Magnús Kristjánsson	36
Flugfélag Íslands → Örvar og Stefán E.	38
Fjöldahjálp-Aðstandendur → Jón Brynjar Birgisson, María Helena Haraldsdóttir og Jóhann Thoroddsen	41
Neyðarlínan 112 – Tetra → Guðmundur Ingimarsson, Guðbjörg Helga Jónsdóttir og Guðmundur F. Jónsson	43
Söfnunarsvæði slasaðra/aðhlyningarstjórar → Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Aðalsteinn Aðalsteinsson	45
Björgunarveitin Hérað → Kjartan Benediktsson	47
Áfallahjálp – sálgaesla → Margrét Blöndal, Guðrún Eggertsdóttir og Jóhann Thoroddsen	49
Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason	51



Þessi skýrsla er gefin út af Flugstöðum ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:

Kristján Torfason kristjan@flugstodir.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@flugstodir.is



Inngangsorð.

Daganna 10-12. september var haldin flugslysaæfingin Egilsstaðir 2009.

Æfingin var liður í því skipulagi Flugstoða ohf. að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins.

Árið 2000 var síðast haldin stór flugslysaæfing á Egilsstaðaflugvelli. Til stóð að halda aðra stóra æfingu þar árið 2005 en vegna þess að sama sumar var haldin viðamikil ferjuæfing á Seyðisfirði var látið duga að halda "innanvallaræfingu".

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugstoðir gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Að þessu sinni var verkefnið að nokkru leiti langt í hendur heimamanna, en einnig var haldinn fundur þar sem fulltrúar viðbragðsaðila fóru yfir drög að nýrri áætlun með fulltrúa Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og Flugstoða. Það að þessi hópar sitji og fari yfir áætlunina saman gafst vel.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vó sem snert gæti viðkomandi

bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vá.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlyningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnum þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í nokkrar fjárfestingar á hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfbóðaliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysæfingum,.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í flestu vel og það er ykkur að þakka.

Flugstoðir og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og dragi af því lærdóm..

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr...

Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsröðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana mannar fólk með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Handrit flugslysaæfingarinnar.

Klukkan 11:45 tilkynnir flugturninn á Egilsstöðum um flugslys. Dash 8 vél sem var að koma inn til landingar á braut 22 virðist, að sögn fluguradíósmanns, fá á sig skyndilegt niðurstreymi og rekst annar vængur flugvélarinnar í jörðina rétt við brautarendann og brotlendir flugvélin. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta. Miklir eldar loga í hluta flaksins og farþegar eru fastir inni í flakinu. Um borð eru áætlaðir 32 farþegar og 3 manna áhöfn.



Almennt um framgang æfingarinnar.

Egilsstaðir 2009-daganna 10-12.september.

Uppsetning æfingarinnar var með hefðbundnu sniði. Notuð voru bílflök fyllt dekkjum sem slökkviverkefni og bílflök með þolendum í sem klippuverkefni. Vettvangur æfingarinnar var norðurendi flugbrautar og einnig var hluti vettvangsins handan Eyvindarár. Gerði það vettvanginn erfiðari og viðameiri því ekki er akfært með stóran slökkvibíl að staðnum og áin ekki vaðfær.

Flugstoðir hafa undanfarið unnið að því að Tetravæða boðunarkerfi áætlunarflugvalla. Tilgangurinn með því er að gera boðunina öruggari og fljótvirkari.

Þegar flugturn kallar viðbragðsstig (óvissu-hættu-neyðar eða neyðar-sjór) til Neyðarlínunnar þá heyrir Neyðarlínan, fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og allir áætlunarflugvellir, kallið. Á minni völlum (einmenningsvöllum) var það þannig að um leið og turnmaður hafði lokið símtali til Neyðarlínu og síðan rokið af stað til að gegna slökkvi- og björgunarþjónustu, þá var hann jafnframt sambandslaus. Með notkun Tetrastöðva þá taka menn með sér stöðina, eftir að hafa kallað í Neyðarlínuna og geta þá á öllum stigum verið í sambandi við hana og aðra aðkomandi viðbragðsaðila og gefið nánari upplýsingar um slysað eða annað sem að gagni mætti koma.

Á Egilsstaðaflugvelli er fastur starfsmaður maður í turni. Þegar slökkvibílnir fara á vettvang getur hann gefið bílunum frekari upplýsingar, sé þess þörf og öfugt sjái þeir ástæðu til þess um leið og slökkvibílnir hafa samband innbyrðis. Og öll þessi samskipti heyrir Neyðarlínan og aðrir björgunaraðilar sem kunna að vera á leið á vettvang.

Það má fullyrða að notkun Tertakerfisins mun bjóða upp á mun öruggari og markvissari samskipti viðbragðsaðila í framtíðinni.

Æfingin hófst með boðun flugturns með Tetra. Tóku boðunin örlítið lengri tíma en búast hefði mátt við en í ljós kom að mikið álag var á Neyðarlínunni í sömu andrá og boðunin fór af stað.

Rétt er að hafa í huga að á hverri æfingu kemur upp fjöldi smærri atriða sem úr lagi fer svo sem skilaboð misfórust eða misskildust, ruglingur er á talhópum í fjarskiptum, menn heyrðu ekki skilaboð vegna hávaða, einhver gerði ekki það sem hann var beðinn um eða gerði það á annan hátt en beðið var um og svona mætti sjálfsagt lengi telja upp. Þetta eru ýmist smáatriði sem gleymast eða smáatriði sem læra má af til bóta.

Hitt er að takist björgunarfólki á sómasamlegan hátt að leysa það verkefni að koma að slösuðum, bjarga þeim, veita þeim fyrstu hjálp og koma þeim til frekari meðhöndlunar á söfnunarsvæði og síðar á sjúkrahús þá eru verkefni leyst sem skipta meginmáli.

Í heild má segja að flugslysæfingin hafi gengið vel. Eldar voru slökktir, sjúklingum var bjargað og komið í aðhlyningu og þeir greindir. Uppsetning söfnunarsvæðis gekk fljótt og vel, en daginn fyrir æfinguna hafði söfnunarsvæði slasaðra veið færð út slökkvistöðinni á vellinum í nýja móttökubyggingu fyrir farþega. Þessi breyting var til mikilla bóta. Hluti björgunarvettvangs var handan Eyvindarár. Þetta var auðvitað gert til þess að gera verkefnið erfiðara. Með tveimur bátum og lögn slangna yfir ána tókst að leysa verkefnið.

Æfingin gekk að sjálfsögðu ekki mistakalaust, ekki frekar en yrði í raunveruleikanum. Skortur var á mannskap á slysstað og gekk því hægar en ella að koma fólki á söfnunarsvæði.

En, samvinna var góð og rennsli æfingarinnar var gott. Það að færri hendur væru að vinna verkið en æskilegt hefði verið kom ekki niður á æfingargildi æfingarinnar enda samvinna og lausn verkefna það sem gildi en ekki tíminn sem tók að leysa málin. Slíkar æfingar byggjast númer eitt á að þjálfar fólk til að leysa saman fjölda verkefna þar sem verkþættir viðbragðsaðila skarast á margan hátt. Sú samvinna var með ágætum. Helst mátti harma það að þeir sem ekki mættu á æfinguna hafi misst af góðu tækifæri til þess að þjálfar sig við þær aðstæður sem bjóðast, þegar flestir viðbragðsaðilar eru að vinna saman.

Eins og fram kemur hér að ofan vantaði nokkuð marga þátttakendur á æfinguna og þá einkum björgunarsveitarfólk. Hafandi verið í björgunarsveitastarfi í áratugi og tekið þátt í mörgum flugslysæfingum, þá hef ég alltaf upplifað mikinn áhuga björgunarsveitarfólks að taka þátt í slíkum æfingum enda æfingarnar oft ágætis ögrun og reynsla fyrir björgunarsveitir. Ýmsar skýringar eru sjálfsagt á þátttökuleysinu og vonandi að þetta sé einangrað tilfelli.

Ýmsir heimamenn lögðu mikla vinnu í undirbúning og framkvæmd æfingarinnar. Það skilaði sér í góðum vinnubrögðum og oft hugmyndaríkum úrlausnum.

Sem dæmi má nefna aðferðafræði sem starfsfólk á flugvellingum þróaði fyrir æfinguna, sem felst í spjaldakerfi sem gerir starfsfólki á vellingum auðvelt fyrir að ganga að þeim verkefnum sem leysa þarf, á auðveldan og skipulegan þátt.

Nú þegar þið fáið þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að ýmis atriði gengu vel og þið funduð góðar lausnir á vandamálum. Eins voru hlutir sem ekki gengu sem best og bæta má eða finna betri lausnir á. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar. Nú er boltinn hjá ykkur. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu. Flugstoðir og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir mikinn áhuga og ánægjuleg viðkygni.

Bjarni Sighvatsson, æfingastjóri.
Starfsmaður Flugverndar- og björgunardeildar Flugstoða.



Flugslysaæfing Egilsstaðir 2009 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugstoðir ohf, Slökkvilið Akureyrar.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi, síðan á SSS > Heilsugæslunni á Egilsstöðum og í Leikaramiðstöð.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Halldór B. Waren á Egilsstöðum átti veg og vanda að undirbúningi og söfnun leikara fyrir æfinguna. Snemma varð ljóst að ekki gekk vel að fá leikara en ég tel að Halldór hafi staðið sig mjög vel og leitað eftir fólki á mörgum stöðum og eftir ýmsum úrræðum. Þetta er sama vandamál og við höfum glímt við á fleiri æfingum en það virðist vera að erfitt sé að fá fólk til að gefa sér tíma til sjálfbóðaliðastarfa.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Tveir leikarar voru settir í þurrbúninga og áttu að fljóta niður Eyvindará í átt að Lagarfljóti. Annar leikarinn reyndist vera í mjög lekum galla og varð því rennandi blautur. Hann reyndist því miður vera ansi kaldur þegar undirrituð fór með honum í sjúkrabíl að SSS og eftir hitamælingu var ákveðið að flytja hann á Heilsugæslustöð til upphitunar. Hann reyndist ekki vera alvarlega ofkældur og jafnaði sig fljótt. Björgunarmenn sem veiddu viðkomandi upp úr ánni hefðu mátt átta sig fyrir á því hve leikaranum var orðið kalt og láta okkur vita strax í stað þess að láta viðkomandi bíða mjög lengi en hanna var með síðustu sjúklingum sem fluttur var af vettvangi.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Förðunarnámskeið var haldið á fimmtudagskvöldinu í Sláturhúsinu. Á námskeiðið mættu 6 áhugasamar konur sem allar mættu svo í förðunina á æfingunni. Sumar þeirra léku svo sjúklinga og aðrar sinntu eftirliti á æfingunni. Einnig fengum við aðstoð frá áhugasömum aðilum frá Rauða krossinum.

Leikarakynning var haldin á föstudeginum í Sláturhúsinu. Þeir sem mættu voru mjög áhugasamir og ætluðu að reyna að fá fleiri til að koma og leika. Það gekk hins vegar ekki vel.

Við hófum undirbúning klukkan 7 á laugardagsmorgun og leikarar komu fyrstir um klukkan 8:30. Skráning og gerð farþegalista gekk mjög vel og listinn var tilbúinn mjög tímanlega.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk einnig mjög vel þar sem samvinna við SA um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel. Það var reyndar alveg ómetanlegt að hafa reyndan eftirlitsaðila, Soffíu Helgu Valsdóttur, á vettvangi hinum megin við ána þar sem vettvangur var tvískiptur.

Ekki hefði verið hægt að biðja um betra veður en þetta, 23°C er frekar óvenjulegt á æfingu sem þessari og verður sennilega seint toppað.

Ég vil þakka Halldóri B. Waren alveg sérstaklega fyrir aðstoðina og aðstöðuna í Sláturhúsinu sem reyndist vera frábær aðstaða fyrir leikaramiðstöð.

Takk fyrir okkur.

Kveðja, Vigdís Agnarsdóttir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla ráðgjafa.

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Björgun á slysavettvangi	<i>Þorlákur Snær Helgason Umsjónarmaður flugvallarfræðslu. Slökkvilið Akureyrar</i> <i>Ingimar Eydal Aðstoðarslökkvistjóri Slökkvilið Akureyrar</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallarverðir , Slökkvilið, Flugfélag Íslands, Björgunarsveitir og Lögreglan

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Var staddur á slysavettvanginum.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Flugvallarverðir fengu litla sem enga kennslu á nýju tetratalstöðvarnar. Þar sem SHS eru hættir þarf einhver að halda um bæjarlökkviliðið. SA-menn eru bara tveir og hafa nóg að gera í því sem þeir eiga að gera.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Keyrt of nálægt sjúklingi til að komast að eldinum.

Carmichael er með 6820 lítra af vatni sem var allur kláraður með monítör, hefði sennilega geta slökkt í ef hann hafði notað handlínur líka. Það kom engin froða úr honum, þarf að skoða hvað er að.

Þegar notuð er handlína, getur verið gott að nota úðabunu í staðinn fyrir að hafa bara beina bunu, þá er maður með meiri slökkvímátt og er líka að verja sjálfan sig.

Á tímabili vantaði mann á slökkvívakt.

Fólk vantaði til að greina sjúklinga og flytja þá á SSS.

Starfsmaður flugstoða bað um að setja sjúkralið inn á svæðið en það er í verkahring björgunarstjóra, því hann var kominn á vettvang.

Formaður björgunarsveitarinnar kom stundum á slysavettvang án þess að tala við björgunarstjóra og fór að vinna. Dæmi: fór út á slöngubát og fór yfir Eyvindará til að flytja sjúklinga yfir.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Brunarvarnir á Austurlandi báðu um kennslu frá Slökkviliði Akureyrar fyrir sína starfsmenn til að undirbúa þá fyrir æfingunni, sem fór fram í vikunni á undan æfingunni.

Starfsmenn Flugstoða fá þakkir fyrir aðstoðina við að setja upp vettvanginn með okkur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flugvallarverðir Flugstoða sem sinna slökkvi- og björgunarmálum voru fljótir til að koma og slökkva í, sem gekk mjög vel. Aðkomuskýrslan til Neyðarlínunnar frá fyrsta starfsmanni Flugstoða var mjög góð.

Klippuvinnan hjá Brunavörnum á Austurlandi gekk mjög vel. Ég var mjög ánægður hvernig hún gekk, hvernig þeir leystu hana og líka hvernig þeir náðu að tryggja vettvanginn.

Gaman var að sjá hvernig þeir leystu eldverkefnið norðan við Eyvindará.

Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
AST	Lárus Bjarnason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Sjá Viðbragðsáætlun. Allar starfseiningar mættar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í AST í Björgunarmiðstöð að Miðási 1, Egilsstöðum.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúnings og æfingarlega var vel að æfingunni staðið. Ábendingar komu fram á rýni fundi um að það hefði mátt vera „leikstjóri“ á æfingunni sem hefi gefið uppl. um það þegar verkeiningar vantaði eða skiluðu sér ekki, að málið væri leyst með því að bjargir hefðu verið boðaðar og að þær ættu að skila sér og hvað tæki við næst. Þetta þyrfti a.m.k. að brýna fyrir mönnum, að þeir verða að ímynda sér „leikritið“ að þessu leiti og halda áfarm á næsta stig ef ekki berast bjargir sem beðið var um. Sem sagt æfingin á ekki að stoppa eða stranda á þessu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

1. AST: Þjálfar þarf og fræða fólk í AST. Þá þarf að skerpa á verkferlum innan AST. Slípa þarf verkgang á milli einstakra verkþátta innan AST sín á milli og eins á milli hvers og eins þeirra og fjarSKIPTA.
2. Allir í AST þyrftu að hafa TETRASTÖÐVAR með hlustunarbúnaði til að vita betur og nákvæmar hvað er í gangi hjá VST.
3. FTR. HSA lenti í vandamálum með samskipti við SST bæði hvað varðaði að ná sambandi um TETRA og svo voru skiptar meiningar um það hvert væri hlutverk ftr. HSA og hvert hlutverk Landlæknisborðs. Tengdist þetta einnig loftbrú sem er bagalegt. Þetta skýrist væntanlega betur í skýrslum viðkomandi verkeininga.
4. Boðunarmál: Boðunarmál eru ekki almennilega skýr. Það kom fram hjá FRT.

112 (Neyðarlínu) að þeir telja að það sé ekki í þeirra verkahring að ákveða útkallshópa. Þetta þarf að skoða og ákveða. Ef til eru margar viðbragðsáætlanir og margir útkallshópar þá þarf vitanlega að linka þetta saman. Það getur ekki verið í verkahring hvernar og einnar útkallseiningar að sjá um það. Þetta er og verður hlutverk AVD ríkislögreglustjóra í samvinnu við 112 og FMR (Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjórans) að sjá til þess að öruggt sé að allir sem boða á í viðbragðsáætlun séu á boðunarlista 112.

5. AST þótti ekki berast mikið af beiðnum um bjargir frá VST sérstaklega í byrjun og í einhverjum tilvikum bauð AST aðstoð sem var þegin. Þetta er vitanlega í verkahring AST að vera bakland VST og ekki óeðlilegt.
6. Aðgerðargrunnur: SST var ekki með réttar dagsetningar á tölvunum sínum 9/12 í stað 12/9 og því lentu loggar þeirra ekki í tímaröð hjá AST (í loggnum).
7. Slökkvilið Egilsstaða (bæjarlið) lenti í vandræðum með að komast inn á völinn.
8. Tímasetningar á áætluðum lendingum sjúkravéla ekki gefnar upp við AST.
9. MÓT: Hjálparlið ekki að tilkynna sig inn eða VST ekki að halda utan um það og a.m.k. ekki verið að tilkynna þetta til AST. Þar með ekki vitað með vissu hverjir eru á staðnum, mannskapur, tæki og tól. Erfitt að fá þessar upplýsingar þrátt fyrir beiðnir þar um.
10. SSS: Upplýsingar um fjölda sjúklinga ónægar. Bæði fjöldi og flokkun.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Hrósa má SAS liðinu. Allir lærðu mikið bæði af námskeiðum, fundum og skrifborðsæfingum. Undirbúningur sem tók yfir nokkra mánuði var mjög góður og vel skipulagður af hálfu Flugstöða ohf. og sömuleiðis var mjög gott samstarf við AVD ríkislögreglustjórans.

Æfingin sjálf er til að læra af henni og þrátt fyrir smávægilega hnökra gekk allt mjög vel fyrir sig. Við í SFA* liðinu þökkum fyrir okkur.

*SFA= Sérfræðingar fyrir austan.

AST: Mjög vel gekk að manna alla pósta og gera AST starfhæfa. Samskipti innan AST gengu mjög vel. Yfirvegun og rólegt andrúmsloft einkenndi AST á æfingunni. Augljóst að TETRA fjarskiptakerfið er að virka þannig að minna álag verður á AST. Fjarskipti voru með besta móti þrátt fyrir lítils háttar hnökra vegna yfirkeyrslu einstakra verkþátta á aðra í talhópum.

VST: Að mati AST var VST að vinna mjög vel. Allir sjúklingar skiluðu sér fyrir rest og miðað við að boðun var brotakennd og að vinna þurfti á færri höndum en reikna má með í raunveruleikanum gekk ótrúlega vel að koma öllum til aðstoðar.

AST lætur einstakar verkeiningar innan VST um að lýsa nánar ganginum á æfingunni en lýsir ánægju sinni með það hversu vel gekk að slökkva elda og koma sjúklingum í örugga höfn. Þá mun aðstoð við aðstandendur hafa verið til fyrirmyndar.

Almennt:

Hámarkslengd skýrslu er 4 bls.

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

- Boðunarlista þarf að aðlaga viðbragðsáætluninni. Á boðunarlista eiga að vera allar starfseiningar sem hlutverki hafa að gegna í viðbragðsáætluninni. Skýrt þarf að vera í hvers verkahring er að sjá til þess að allir sem eiga hlutverk í einstökum viðbragðsáætlunum fái boð. Flestar viðbragðseiningar eru með lista yfir sitt fólk. Viðbragðseiningar eiga að uppfæra listana. Það getur ekki verið þeirra hlutverk hins vegar að tilkynna 112 í hvert skipti sem þær eru skrifaðar inn í nýja viðbragðsáætlun. Þetta ætti að vera í verkahring AVD í samstarfi við 112.
- Huga þarf að samskiptum AST og SST varðandi loftbrú og alla úrvinnslu þeirra mála. Vísast til skýrslu ftr. HSA varðandi þennan þátt.
- Aðgangsstýring á skaðasvæðið. Sjá þarf til þess að hjálparlið komist leiðar sinnar á vettvang.
- Sjá þarf til þess að hjálparlið sé skráð í MÓT og upplýsingum um það komið til AST.
- Talningar. Greiningarspjöld eiga að auðvelda talningu sjúklinga. Spurning hvort huga þurfi að festingum á greiningarspjöldum á sjúklinga þar sem einhverjir sjúklingar týndu greiningarspjöldum í ferlinu.

- Hver verkeining í AST þarf að hafa hljóða TETRA stöð til að fylgjast með fjarskiptum beint.
- Tryggja þarf að AST fái farþegalista án erfiðleika.
- Tryggja þarf að AST fái upplýsingar um fjölda og komutíma sjúkravéla.
- Tryggja þarf að AST fái upplýsingar um flutningsgetu og aðstoð sem kemur með sjúkravélum.
- Gæta þarf þess að tölvur allra sem skrá í aðgerðargrunn séu á sömu dagsetningu.
- Huga þarf að einstaka talhópi í TETRA og sjá til þess að þetta sé ekki að skarast og a.m.k. að það valdi ekki truflun hjá einstaka starfseiningum eða þeirra á milli.
- **Fræða þarf og þjálfa mannskap í AST. Skerpa þarf á verkferlum innan AST. Sömuleiðis þarf að skilgreina samskipti fjarskipta innan AST og einstakra verkþátta í SÁBF kerfinu. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða á landsvísu og hefur AVD talað um nauðsyn þessa í fréttabréfi varðandi sama efni hvað SST varðar. Stórt verkefni sem þarf að ráðast í.**
- Semja þyrfti staðlaðar fréttatilkynningar sem mætti fylla inn í þegar flugslys verða. Allur munur að hafa þetta tilbúið til að gefa út í byrjun aðgerða.
- Loks er bent á að rétt getur verið að koma á dyravörslu alls staðar þar sem unnið er í AST til að stýra því hverjir gangi um sali.



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjóri	<i>Hjalti Bergmar Axelsson</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan, Björgunarsveit, slökkvilið

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í lögreglubifreið í nágrenni við vettvang

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Útkall til lögreglu skilaði sér ekki vegna æfingarinnar. Uppfæra þarf útkallslista til úrbóta.

Erfiðlega gekk fyrir vettvangsstjóra að fá upplýsingar sem beðið var um frá Aðgerðarstjórn varðandi tæki og fjölda manna frá hvaða einungum. Flutningastjóri sem kom á staðinn á eftir tækjum frá slökkviliði og sjúkraliði hafði ekki upplýsingar um þann búnað og mannafla eftir að hann kom. Aðgerðarstjórn var að óska eftir þessum upplýsingum en þær fengust ekki á meðan á æfingunni stóð. Björgunaraðilar þurfa að tilkynna sig á staðinn (MÓT) strax í upphafi og að haldið verði utan um þær tilkynningar hjá e.h. sem er í aðstöðu til þess frá upphafi og getur síðan komið því til flutningastjóra.

Vettvangsstjórn fannst truflandi að fulltrúar Rauðakross væru í samskiptum við Aðgerðarstjórn á AV-AL-1 ekki einungis vegna þess að það teppti hópinn þar sem á köflum var ekki svo mikið álag á þeim hóp. Heldur þar sem mikið er um að vera á vettvangi, hjá Vettvangsstjóra er truflandi að heyra upplýsingar sem hann hefur ekkert að gera með. Fulltrúar Rauðakross fái annan talhóp til samskipta við Aðgerðastjórn.

Samskipti við Aðhlynnigarstjóra voru mjög lítil og er síðan kom í ljós að upplýsingar frá honum varðandi fjölda sem frá honum hefði farið voru ekki réttar. Spurning um hversu mikil samskipti þurfa að vera á milli Vettvangsstjóra og Aðhlynnigarstjóra þar sem hann er með bein samskipti við sinn mann í Aðgerðastjórn.

Vandræði komu upp í fjarskiptum þegar hópar sem sendir voru frá biðsvæðum á vettvangi skiptu af samskiptahópi við Flutningastjóra og yfir á samskiptahóp við Björgunarstjóra. Þarna urðu einhverjir sambandslausir við Björgunarstjóra á vettvangi. Björgunarstjóri tók á móti eða fulltrúi frá honum á vettvangi og beini yfir á réttan talhóp á vettvangi, Flutningastjóri útskýri fyrir þeim að skipta yfir á réttan talhóp við Björgunarstjóra er þeim koma á vettvang og tilkynna sig inn á hann. Að einhver stýring verði á björgunarhópum sem á vettvang og þeir settir í samband við vettvanginn.

Í ljós kom að greiningaspjöld höfðu í einhverjum tilfellum týnst. Þeir sem taka þátt í æfingu geta ekki reiknað með því að þeir sem leika þolendur passi spjöldin og að tryggt verði með eins tryggum hætti og hægt er að spjöldin fylgi þeim aðila sem það á að fylgja. Flutningsaðilar / sjúkraflutningar hafi það alveg á hreinu er þeir flytja af vettvangi og inn á söfnunarsvæði, fjölda þeirra sem þeir flytja og að greiningaspjöld séu meðferðis frá upphafi ferðar við vettvang til enda ferðar við söfnunarsvæði og svo framvegis af söfnunarsvæðum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskipti á milli Vettvangsstjóra og verkþáttastjóranna, Björgunarstjóra, Gæslustjóra og Flutningastjóra, mjög góð.

Þeir hópar er mættu á staðinn þekktu sitt hlutverk og gengu í þau störf er þeim var ætlað.

Æfingin gekk í heild sinni vel, úrlausn fékkst varðandi samskipti á milli hópa á vettvangi. Allir þolendur fundust er farið var aftur yfir talningatölur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Gæslustjóri / lögregla	<i>Jens Hilmarsson</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Innan við innri lokanir, flugbraut, flughlað og flugstöð. Slysavettvangur / leitarsvæði.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Upphaf æfingar hefði mátt vera skýrara, þ.e.a.s. tilkynning um flugslys. Tel þörf á því að á svona æfingum sé æfingastjóri, sem stjórnar framgangi æfingarinnar, ma. með því að ákveða hvenær viðkomandi einingar komi inn á æfinguna. Með því móti raðast æfingin upp líkt og um raunverulegt slys væri að ræða.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Ég hefði gjarnan viljað geta sett upp einskonar „ramp“ þar sem allir sjúkraflutningar frá slysavettvangi hefðu átt sér stað. Tel ekki gott að sjúkraflutningabifreiðar fari of langt inn á slysavettvang. Sér í lagi þar sem slysavettvangurinn gæti verið í braki flugvélar og hættulegur dekkjum. Þá mætti búast við að líkamspartar geti legið á vettvangi. Eins myndi slík umferð geta skemmt fyrir við vettvangsrannsókn á síðari stigum. Þessi útfærsla kallar á fleiri burðarmenn við að koma slösuðum af slysavettvangi að sjúkraflutningsbifreiðum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þar sem vettvangur var nokkuð vel staðsettur, innan flugvallarsvæðis að mestu og varinn almenningi þurfti lítið að gera til að setja upp innri lokanir.

Gott skipulag komst fljótt á, talning út af slysavettvangi og talning inn á SSS komst á strax og fyrsti sjúklingurinn var fluttur.

Þegar uppgvötaðist að slasað fólk gæti verið að finna utan augljóss slysavettvangs var strax brugðist við því. Þar telur undirritaður að vel hafi verið unnið af hálfu Vettvangsstjóra, Björgunarstjóra, Gæslustjóra og Flutningsstjóra.

Þar tókst á nokkrum mínútum að manna leitarflokk, þrátt fyrir mannahallæri, sem breiðleitaði ákveðið svæði og fann einn slasaðan.



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Brunavarnir á Austurlandi - Egilsstöðum	<i>Víðir Sigbjörnsson Björgunarstjóri</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkviliðið á Egilsstöðum

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi við ytri enda flugbrautar.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Flugslysaáætlun hefði mátt vera klár fyrir. Hefði mátt vitna meira í hana í undirbúningsferlinu og æfingin keyrð beint eftir henni þannig að hlutverk hvers viðbragðseiningar hefði verið skírari.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Björgunarstjóri náði engu fjarskiptasambandi við Slökkvilið flugvallarins. Samt eru báðir aðilar með bæði Tetra og VHF fjarskipti. Vantar að geta tengt saman og náð sambandi sem fyrst þegar staðarslökkvilið kemur á staðinn Mikilvægt upp á fyrstu upplýsingar. Formaður Björgunarsveitar Héraðs sem var fulltrúi í vettvangsstjórn kom ómerktur inn á vettvang og hafði ekki samband við björgunarstjóra áður en hann fór um allt svæðið. Bráðagreinung gekk vel, en það vantaði sjúkraflutningamenn og fleiri flutningstæki (sjúkrabíla). Það kom engin froða úr byssu á þaki(monitor) á bíl 1 (71-131) slökkvibíll. Einnig vantar að gera úrbætur vegna froðu á láprýsti og háprýsti úrtökum á slökkvibíl.

Þorlákur benti björgunarstjóra á að tveir slökkviliðsmenn Flugstoða væru komnir á slökkvistöð. Björgunarstjóri kallaði eftir þeim, komu þeir með sjúkrabíl til baka og skildu slökkvibíla eftir á slökkvistöð þar sem verið var að setja á þá vatn. Björgunarstjóri sendi þá aftur til baka til að klára að fylla á bílana og hafa þá klára fyrir önnur flug.

Illa gekk að láta opna hliðið fyrir slökkviliðið þegar útkall barst. Kallað var oft í Tetra en engin svör. Hringt var í turn og þá var opnað.

Það er áhyggjuefni hversu erfitt er að sinna slökkvi- og björgunarmálum norðan Eyvindarár. Þeir erfiðleikar voru samt leystir vel í þessari æfingu.

Þeir sem koma með báta voru ekki í flotgöllum eða björgunarvestum nema sá sem sinni bátnum frá Björgunarsv. Héra. Starfsmenn Flugstoða voru ekki í slíkum fatnaði.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Brunavarnir á Austurlandi var með undirbúningsæfingu viku fyrir æfinguna sjálfa þar sem fenginn var Þorlákur Helgason frá slökkviliði Akureyrar sem hefur séð um slökkvifræðslu fyrir flugvallarstarfsmenn Flugstoða.

Sú fræðsla kom sér vel fyrir þessa æfingu og voru slökkviliðsmenn betur undirbúnir fyrir vikið. Farið var yfir aðkomu staðarslökkviliðs að flugslysi og SÁBF aðferðin yfirfarin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Slökkvistarf gekk vel þrátt fyrir að froða kom ekki úr tveimur slökkvibílum.

Vel gekk að klippa björgunarop þar sem til var ætlast.

Það gekk furðu vel að flytja búnað, mannskap og slasaða yfir ána.

Björgunarstjóra gekk mjög vel að tala við slökkviliðsmenn Brunavarna á Austurlandi í gegnum VHF talstöðvar og vettvangast.-flutningast.-aðhlynningast.-og gæslustjóra í gegnum Tetra.

Þegar leið á æfingu og menn náðu betur yfirsýn yfir vettvang fóru hlutir að ganga betur.

Almennt:

Hámarks lengd skýrslu er 4 bls.

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Í ljósi þess að björgunarst. gekk vel að tala við sl.menn Brunavarna á VHF, væri gott að hafa VHF stöðvar á sl.Flugstöða á sömu rás.

Menn þurfa að vera vel merktir og gera björgunarst. grein fyrir komu sinni á vettvang.

Of fáir sjúkraflutningamenn og sjúkrabílar gætu orðið vandamál í raunverulegu slysi.

Koma verður froðukerfi á slökkvibíl 1. í lag.

Það þarf að gera slökkvibílana klára fyrir næsta flug og hafa einn bíl og einn sl.mann heima á sl.stöð þegar næsta vél lendir.

Væri ekki létt göngubrú yfir Eyvindar á til bóta, það væri hægt að leggja slöngu yfir hana og mun fljótar að greina ástandið að öðru leyti.



Flugslysaæfingin Egilsstöðum 2009- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilstöðum Björgunarsveitin Hérað Rauði kross Íslands Egilsstaðir	Bára Benediktsdóttir Verkefnastjóri neyðarþjónustu LSH Guðbjörg Pálsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilstöðum. Björgunarsveitin á Héraði. Rauði kross Íslands Egilsstöðum

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Sjúkrahúsið á Egilsstöðum
Vettvangur og söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfa þarf oftari viðbrögð innan sjúkrahússins

Það þarf að efla kennslu og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks í notkun TETRA talstöðva.

Fjarskiptaskipulag þarf að endurskoða og taka á þáttum eins og fjarskiptum aðhlyningarstjóra við AS og SST.

Merkja þarf stjórnendur betur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Koma þarf á betri samskiptum á milli læknis sem er á vettvangi og SSS og einnig að læknir geti haft samband inn á viðkomandi heilsugæslustöð eða sjúkrahús.

Vantaði mannafla á vettvang strax í upphafi til þess að sinna fórnarlömbum

Vantaði talsvert af mannafla inn á SSS strax í upphafi og langt fram á æfinguna.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Bráðaflokkun og umönnun sjúklinga gekk vel á vettvangi en þó vantaði meiri mannskap til þess að sinna sjúklingum á þar.

Umönnun sjúklinga á SSS var góð en þar vantaði einnig meiri mannskap í aðhlynningu .

Samstarf eininga gekk mjög vel.

Samhæfing á milli viðbragðsaðila var góð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Æfingin markaðist af því að það vantaði fleiri þátttakendur í æfinguna sérstaklega frá björgunarsveitum og heilbrigðisgeiranum.

Athuga þarf hvort huga eigi að SSS á annan hátt en gert var á þessari æfingu

Heilbrigðisgeirinn, björgunarsveitin og RKÍ leystu verkefnið sem fellur undir fjölda- og sjúkrahjálpi mjög vel.

VEL ÞARF AÐ FARA YFIR ÖLL FJARSKIPTI



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
HSA Seyðisfirði, greiningarsveit staðsett á SSS	<i>Ólafur Sveinbjörnsson yfirlæknir Seyðisfirði</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
HSA Seyðisfirði, HSA Egilstöðum

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á SSS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<p>Ekki var alveg ljóst þegar undirbúningsfundur var haldinn fyrir heilbrigðisstarfsfólk , 1 kls fyrir æfingu hvað gera átti við sjúklinga, td rauða.</p> <p>Hefði verið gott að hafa þetta á hreinu 1-2 d fyrir æfingu.</p> <p>Undirritaður var stjórnandi læknir á SSS, Ekki farið yfir störf þess aðila fyrir æfinguna.</p> <p>Umræður um hvað stjórnandi læknir á að leggja áherslu á í störfum sínum á SSS.</p> <p>Einnig ekki alveg ljóst í mínum huga hvaða þætti stjórnandi læknir og hvaða þætti aðhlyningarstjóri sinna.</p>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vegna fámennis á SSS af lækna/hjúkrunarfólki (lengst af 1 læknir og 3 hjúkrunarfræðingar) blandaði ég mér sem stjórnandi læknir í áverkamatið þegar álagið var sem mest. Þetta leiddi til að ég missti yfirsýn yfir fjölda og alvarleika þeirra slösuðu, sérstaklega mtt hverja ætti að flytja fyrst í burtu þegar loksins kom flutningsgeta til þess, sjúkrabílar, flugvélar.

Við fengum boð frá Aðgerðarstjórn að greiningarsveitir frá nágrennabyggðalögum væru á leiðinni. Þetta fólk var “huldufólk” sem var svo að vinna á SSS.

Það gekk ekki vel með huldufólkið, það gerði náttúrulega ekki framhaldsskoðanir eða skoðanir á fólki sem versnaði á gulu/grænu svæðum og lenti það því á okkur hinum.

Í raunveruleikanum ætti að manna SSS vel með læknum og hjúkrunarfólki og það gæti síðan farið með sjúklingum áfram ef þyrfti.

Það vantaði björgunarsveitarmenn í að flytja fólk á milli innan SSS.

Það leystist að vísu ágætlega með mannskap frá Flugstöðum sem stóðu sig mjög vel. Hefði þurft að vera meiri mannskapur í þessu.

Samkipti: Stjórnandi læknir var með Tetra stöð á Av al 2 . Talað var um að breyta í Heilsu 2 síðar. Ég gleymdi því og því , auk þess var skanner á .

Samskipti við HSA voru því mjög lítil, vorum ekki á sömu stöð. Þessu var reddað fyrir mig þegar langt var komið á æfinguna. Sett á Heilsa 2 á Tetra.

Þarf líklega frá aðgerðarstjórn eða einhverri yfirstjórn að vera tilkynnt í talstöðina að skipta eigi yfir á aðra rás.

Varðandi lokun, ytri ,innri. Þegar hjúkrunarlið kom frá Seyðisfirði,(ca 15-20 min inn í æfinguna) keyrðu þær að flugstöðvarbyggingunni og var vísað af starfsmanni Flugvallar á SSS. ? hvort hefði átt að vera komin innri/ ytri lokun þar þá.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mjög góður kynningarfundur og æfing í bráðaflokkun og áverkamati,

Einnig um áfallahjálp góð kynning. Kunnáttufólk.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Að flestu leiti fannst mér æfingin hafa tekist mjög vel og var skemmtilegt að taka þátt í henni.

Það sem líka er jákvætt í svona æfingu er að við kynnumst öðru fólki úr Heilbrigðisstétt, sjúkraflutningum, björgunarsveitum ofl frá öðrum stöðum,

Líkar að hægt sé að lesa skýrslu sem kemur út, til að fá heildar yfirsýn.



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
HSA - yfirstjórn	<i>Stefán Þórarinsson framkvæmdastjóri lækninga</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í húsi svæðisstjórnar björgunarsveita sem fulltrúi HSA í aðgerðastjórn (AST)

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þar sem fyrirhugaður undirbúningsfundur 1. september á Egilsstöðum féll niður hefði í staðinn verið gott að eiga símafund um helstu mál sem átti að taka upp og sem þurfti að hnykkja á.

Þátttakendur á staðnum hafa um svo margt að hugsa í daglegum verkefnum að það er alltaf vanmetið hvað þarf mikið endurtekið áreiti og upplýsingar til þess að koma að verkefni eins og þessari æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þar sem æfingin fór ekki fram í rauntíma og ýmsir sem komu / voru kallaðir út voru einungis til á pappírnum hefði verið gott að hafa æfingastjóra fyrir æfinguna sem passaði upp á að setja inn í hana komutíma sjúkraflugs og hjálparliðs o.fl.

Álag á AST var mjög mikið, einkum í upphafi. Fulltrúi HSA í AST hefði þurft að hafa með sér loggara og sérstakan tengilið við aðra í AST og hefði einnig átt að hafa heyrnartól á sinni Tetrastöð. Talningu á fórnarlömbum slyssins, flokkun þeirra og afdrif var nokkuð ónákvæm. Mun það einkum hafa legið í mistökum við talningu út af SSS. Væri loggað beint í sjúklingagrunn Landsbjargar á SSS samtímis því sem áverkaflokkunin fer fram væri það vandamál úr sögunni.

Samskipti AST og SST gengu ekki nógu vel og var upplýsingaflæði og

verkaskiptingu ábótavant. Sem dæmi má nefna að sjúkraflug sem beðið var um af AST (loftbrú + greiningarsveitir) var ekki sent af stað af því að AST gaf ekki sérstök fyrirhæfi um það og vissi ekki að eftir því væri beðið. Sama átti sér stað í samskiptum SST við FSN sem AST var ekki upplýst um og olli það ruglingi og misskilningi. Sjá neðar í Samskiptakaflanum. Loggun aðgerða hjá SST í sameiginlegan aðgerðagrunn mistókst en væri gagnleg upplýsingamiðlun.

Þar sem unnið var á tveimur rásum, *Av Al-2* og *Heilb-A*, kom það niður á miðlun upplýsinga innan AST og einnig milli VST, AST og SST. Vegna mikils álags og upplýsingamiðlunar í upphafi aðgerða er líklega þörf á báðum rásum framman af en þá þarf að bæta upplýsingamiðlun innan AST. Þegar á líður má færa alla saman aftur á eina rás, *Av Al-2*, eins og byrjað var. Það þarf að vera skýrt hver stjórnar þessum færslum milli rása.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Glögg dagskrá lögð fram.

Góður undirbúningur dagana fyrir æfinguna.

Góður rómur gerður að kennslunni.

Æfing sem þessi er mikilvæg til þess að tengja menn saman úr ólíkum áttum og kerfum og til að búa sig undir „það versta“.

Æfingin sýnir glökkt að með batnandi skipulagi almannavarna, betri undirbúningi og betri tækjabúnaði einkum á sviði samskipta er hópslysakerfið á Austurlandi að styrkjast.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Boðun til fulltrúa HSA í AST var góð.

Notkun Tetra-stöðva var reynd í fyrsta skipti og gekk sem slík bara vel og opnaði nýja vídd.

Samvinna og skipulag í AST var gott þó að huga þurfi að betra upplýsingaflæði þar innanstokks.

Samskiptakafli:

Samskipti um Tetrakerfið milli fulltrúa HSA í AST, Aðhlyningarstjóra og Viðbragðsstjórnar HSA Egilsstöðum gekk vel en það var eins og Landlæknisborðið í SST væri ekki í sama takti.

Landlæknisborðið í SST svaraði ekki kalli frá fulltrúa HSA í AST um Tetrakerfið. Eina leið fulltrúans var að hringja í Landlæknisborðið (570 2633). Sá sem svaraði símanum virtist ekki hafa upplýsingar á hreinu sem höfðu borist að austan til SST með hlustun á Tetrarásinni *Heilbr-A*.

Landlæknisborð SST reyndi talsvert að kalla upp Aðhlyningarstjóra og falast eftir sömu upplýsingum og AST hafði þegar fengið. Skapaðist þannig óþarfa áreiti frá SST beint á vettvang þegar boðleiðirnar þar á milli eiga að liggja um AST samkvæmt skipuriti. Undan þessu hefur áður verið kvartað sbr. rútuslysið í Bessastaðabrekku.

HSA fulltrúinn í AST vissi ekki hvað SST var að gera eða búin að gera t.d. í samskiptum við FSN. Síðar kom í ljós að læknir á FSN misskildi SST og hélt að FSN ætti að senda lið á vettvang í raun og veru. Hann taldi sig ekki geta það. Olli þetta misskilningi og ruglingi í störfum AST og seinkun á beiðni frá AST um aðstoð frá FSN á slysavettvangi / SSS.

Í flugslysaáætlun Egilsstaðaflugvallar segir meðal annars um hlutverk SST : „*Skipuleggur og stjórnar flutningi slasaðra milli umdæma*“. Þetta verkefni vill SST rækja með því að fá lýsingu á áverkum og ástandi sem fyrst og helst strax á SSS til þess að geta ákveðið hvert eigi að senda hvern sjúkling.

Í augum heilbrigðisstarfsmanna á Austurlandi þarf að senda nær alla úr svona slysi í burtu sé þess nokkur kostur. Nálgun SST sé því óraunhæf og alls ekki tímabær á fyrstu stígum og veldur truflun ef reynt að framfylgja henni.

Þegar slys verður með fleiri slösuðum en 5-8 manns ræður heilbrigðiskerfið á Austurlandi ekki vel við það og alls ekki ef um háorkuslys er að ræða.

Kerfið, mannaflí og búnaður, er alveg tæmt í botn við að ráða fram úr greiningu og fyrstu hjálp í flugslysi af þeirri stærðargráðu sem æft var (35 manns). Hvort hægt er á lokastigum aðgerðar að senda 2-3 „græna“ sjúklinga með læknum og hjúkrunarliði til baka til Neskaupstaðar er alger afgangsstærð í dæminu.

Það er jafn lengi verið að aka til Norðfjarðar og fljúga til Reykjavíkur (60 mínútur) og slík ferð bindur sjúkrabíl með áhöfn og e.t.v. lækni/hjúkrunarfræðing í 2:30 klst. og því ekki raunhæft fyrr en í lok aðgerðar.

Viðbrögð SST þurfa að vera þau að senda sjúkraflugvélina á Akureyri af stað eins fljótt og auðið er með greiningasveit, bráðalæknum og búnaði. Þessi hjálp getur verið komin til Egilsstaða eftir u.þ.b. 60 mínútur. Sama þarf að gerast frá Reykjavík. Þaðan er þó varla að vænta hjálpar fyrr en eftir um 120 mínútur. Strax og þessi viðbúnaður er kominn í loftið og áætlaður komutími og flutningsgeta liggur fyrir fara heimamenn að stilla sig inn á það.

Læknar á Austurlandi eru alltaf að vinna við það að senda fólk á spítala utan héraðs. Til Akureyrar sjúklinga sem þurfa lífsbjargandi inngríp þegar tíminn er naumur og þá sem þurfa almennar skurðlækningar og bæklunarlækningar. Til Reykjavíkur eru að auki sendir brunar og höfuð- og brjóstholsaáverkar. Þá geta minna slasaðir úr sömu

fjölskyldu einnig komið til álita ef um laus sæti er að ræða.

Það verður því að vera ákvörðun lækna á slysstað að ákveða hver fer hvert og í hvaða vél.

Þau vandræði sem stórt slys á Austurlandi skapar á spítölunum í Reykjavík og á Akureyri munu ólíklega stafa af því að „rangur“ sjúklingur fari á rangan spítala.

Vandamálið liggur miklu frekar í fjölda slasaðra og áverkum þeirra.

Slasaðir fara einungis á tvo flugvelli frá Egilsstöðum og þurfa því að dreifast þaðan. Skipulagning þeirrar móttöku er mikið verkefni og þar geta kraftar SST komið að gagni. Flugtíminn til baka nýtist til þess.

Lokist flugvöllurinn við slysið eða ef ófært er í flugi verður úrlausnarefnið annað og verra.

Þessi ólíku viðhorf eru endurtekið að skjóta upp kollinum og trufla bæði á æfingum og eins við raunverulegar aðstæður. Það er mikilvægt úrlausnarefni fyrir stjórnendur AST/HSA og SST að ná sameiginlegum skilningi hvað þetta varðar til þess að almannavarnakerfið virki betur.



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flugturn	<i>Magnús Kristjánsson</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
AFIS menn í flugturninum á Egilsstöðum

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Hliðvörður (kallað á Jökuldal “hliðbjálfi”) við aðalhlíð inn á vallarsvæðið

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Undirbúningur æfingar og gerð lokadraga “Flugslysaáætlunar”, hefðu að ósekju mátt hefjast fyrr.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Spurning hvort hefði ekki verið gáfulegra að hafa akbraut “A” sem akstursleið með tilliti til stöðu sjúkravéla sem kynnu að vera á stæði framan við flugstöð. Bílaumferð af braut sem er á leið út af vallarsvæðinu þyrfti þá ekki að þvera flughlaðið.



4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mjög ánægðir með virkun Tetra kerfisins, samtenging á boðunarhópi og AV_al2 varð viðtækari en til stóð, samskipti á boðunarhóp heyrast á öllum talhópum Flugstoða.

Fjarskipti gengu vel.

Menn hér ánægðir með æfinguna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Skiltakerfi sem BW hannaði er að mínu viti alveg tær snilld og greiðir úr ýmsum flækjum í “kaos” ástandi sem kemur upp, og tryggir að þeir starfsmenn sem koma eru ekki allir að fara í sömu verkin



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flugfélag Íslands	Örvar/Stefán E

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsmenn Flugfélags Íslands – á vakt 2 – 3 - og 2 – 3 á frívakt kallaðir út

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Starfsmenn FI- 2 á vettvangi frá byrjum – 1 í afgreiðslu og 2 í SSS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Spjalda kerfi. Árekstrar við FI starfsmenn , td borð og búkkar og söfnunar skilti – nú er búið að breyta þessu – SSS er teiknað í sal3 í flugstöðvarbyggingu, og búnaður fluttur þangað – ekki lengur í slökkvistöð Flugstoða. Umferð á flughlaði gjörsamlega stjórnlaus – sjúkrabílar og önnur bílaumferð án stjórnunar – sjúkraflugvélar að koma – engin að pata inn, - þar eiga FI menn heima og bestir í því – það geta SSS mennirnir gert. Gerðar hafa verið munnlegar tillögur til úrbóta við brautarverði.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Samræma Flugstoða spjöld og FI – td vegna búkka og búnaðar í SSS
Starfsmenn FI myndu sjá um búkka, borð og söfnunar skilti þannig að Flugstoðamenn gætu snúið sér strax að öðrum verkum. Í flugstöð yrðu allir starfsmenn FI nema þessi / þeir sem fara með hjálparbúnað á vettvang – og festast þar, enda ónýtir til annarra verka en þar eru.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Í allastaði ánægðir með okkar hluta – við keyrðum þetta á öllum okkar mannskap – reyndum samt að láta sem svo að við værum ekki með frívakt í byrjun, en td fóru strax 2 FI menn á vettvang – sem við getum ekki á venjulegum degi, með 2 á vaktinni. Ekki er hægt að reikna með þessum manni / mönnum til annarra verka síðar – er fastur í hringrásinni og ónýtur til annarra verka eftir það. Settum 2 menn í SSS þegar sjúkrabílar fóru að koma – aðstoða HSA eftir þörfum – aðallega bera sjúklinga til og frá. Gekk fínt, þegar allt var farið a“ flæða „ Flugfélagsmen nokkuð ánægðir með sinn hlut.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Höldum að allt sem máli skiptir hafi þegar komið fram. Varðandi húsvörð, þá kom það berlega í ljós að hans staður er flugstöðin – hann hefur lykla að öllu, hann þekkir húsið út og inn, veit hvar hvað er, og hvernig best er að nálgast ýmsa hluti. Hann getur verið til aðstoðar við stjórnun úti og inni, og gripið í verkefni eftir þörfum. Hann getur að vísu farið á vettvang með fyrstu hjálp, en – er hann þá ekki orðinn fastur í hringrásinni, og ónýtur til annarra verka eftir það ? Líka spurning hvar vettvangur er ? Líka spurning hvernig hann ætti að koma til baka ? Held að best sé að hann fari hvergi – sjái um lokanir og stýringar, aðstoði við merkingar og að koma hjálpargögnum af stað – tengja kerrur og búnað og sjá til að þar sé allt sem á að vera.

Tímaskráning frá Flugfélagi Íslands

Flugslysaæfing 12.sep 2009 – Egilsstaðir 2009

Mættir frá Flugfélaginu – EHÁ – HÖE – SSP – SEK – PJK

Á vaktinni voru SSP og PJK - - - SEK aukamaður, þannig er það um helgar – 2 á vakt og aukamaður. Virka daga er hinsvegar dagurinn að mestu mannaður 3 á vakt svo til allan daginn. Í þessu tilfelli voru allir komnir á staðinn, þannig að ekki þurfti að bíða eftir mönnum á frívakt, við vitum að á góðum degi eru ca 10 mín í útkallsfólkið ef menn eru heimavið (á Egilsstöðum) SSP þarf þó 15 mín.

Æfingin var boðuð kl 11:30

1147 - tilkynning úr „turni „ um flugslys – allir klæðast öryggisvestum og til í aðgerðir – 2 menn á vettvang (PJK – SEK) með björgunarkerru Flugstoða. – komu aftur kl 1340 og héldu áfram að bera sjúklinga úr sjúkrabílum í SSS

1150 – SSP tilkynnir í kallkerfi um flugóhapp, og biður heilbrigðisstarfsmenn/björgunarfólk, að gefa sig fram við afgreiðslu.

1153 - Boðun SMS frá neyðarlínu

1153 – rauðakrossmaður gefur sig fram – strax virkjaður í vinnu við að róa aðstandendur

1155 – Undirbúningur að SSS í sal 3 tryggður – búnaður sóttur í slökkvistöð Flugstoða

1203 - salur 3 rýmdur og hurðum lokað – búnaði komið fyrir – salur tilbúinn.

1205 – uppsetningu skilta og merkinga lokið

1210 – Flugturn biður um að farþegalisti sé sendur á faxnúmer 471 3103 – strax gert, en 1255 kemur aftur beiðni um að senda farþegalista – barst víst aldrei, og því sendur aftur. Veit ekki hvort hann skilaði sér

1213 – uppröðun búkka og búnaðar í SSS í samráði við HSA

1220 – HÖE og SSP til aðstoðar í SSS – bera sjúklinga skv. Fyrirmælum frá HSA

1225 – RNF kemur og fær afrit af farþegalista

1235 – Rauðakrossfólk kemur í Flugstöð – ómerkt – átti að fara í SSS en tekið á móti þeim eins og um aðstoð í flugstöð (aðstandendur) væri að ræða – misskilningur sem uppgötvaðist fljótt.

1240 – 2 konur frá RKÍ í aðstoð vegna aðstandenda – hjálpuðu starfsm FI (EHÁ) við að róa aðstandendur og síðan að koma þeim út í bíl sem flutti þau á söfnunarsvæði aðstandenda (Hlymsdali)

1245 – ferlið allt komið i gang – og í góðan farveg – sjúkrabílar koma með fólk í SSS í greiningu.

Einhverntíman komu svo s “ sjúkravélar „ sjúklingar bornir í þær út á ramp og afgreitt. Umferð á rampi var gjörsamlega stjórnlaus, og „ koma „ sjúkravéla mjög óljós. Losarabragur var á sumum hlutum, svo sem að enginn gat svarað til um áhöfnina – hvar hún væri eða ástand hennar.

Egilsstaðir 2009 - Skýrsla ráðgjafa og lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp-aðstandendur	Jón Brynjar Birgisson María Helena Haraldsdóttir Jóhann Thoroddsen

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða krossins og kirkjan.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Söfnunarsvæði aðstandenda, og söfnunarsvæði slasaðra.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Tímasetningin hentaði ekki mjög vel fyrir Rauða kross fólk en margir Rauða kross menn voru fjarverandi.
- Gott hefði verið að geta virkjað Rauða kross deildir af fjórðunum.
- Einkennilegur misskilningur kom upp á SSS þar sem aðhlyningarstjóri og annað starfsfólk HSA var að ákveða að Rauða kross sjálfboðaliðar væru „hjúkrunarfræðingar“ eða annað heilbrigðisstarfsfólk. Réttara hefði verið að gera eingöngu ráð fyrir þeim sem almennu skyndihjálparfólki eins og raunin er.
- Aðstandendur voru alltof fáir. Málið var samt leyst með því að skálda upp fleiri á skrifborði.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- Á ákveðnum tímapunkti bannaði VST fjöldahjálparstjórninni að hafa samband við AST í gegnum tetra. AST getur aðeins hlustað á einn talhóp og meðan svo er verður fjöldahjálparstjórnin að nota sama talhóp og VST. Gera þarf ráð fyrir fjöldahjálpinni í fjarskiptaskipulagi.
- Stjórnun SSA var heldur ruglingsleg framan af og voru sumir sjálfboðaliðar í lausu lofti, enda voru engir stöðufundir haldnir og lítið upplýsingastreymi milli þeirra sem stjórnðu og hinna sem störfuðu á gólfinu.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Ágætlega var mætt á fræðslufundi fyrir æfinguna um fjöldahjálp og sálrænan stuðning.
- Leikarar sem léku aðstandendur gerðu það mjög vel.
- Gott var að fá græna sjúklinga inn á SSA í lok æfingarinnar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Samskipti við aðgerðastjórn gengu mjög vel ef undan er skilið það atvik sem nefnt er hér að framan.
- Sjálfboðaliðarnir gengu að mestu fumlaust til verka og voru ófeimnir við að sinna bæði slösuðum og aðstandendum.
- Samskipti við presta gengu sérstaklega vel. Samstarf þessara aðila á Austurlandi er til fyrirmyndar.



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Neyðarlínan 112 – Tetra	<i>Guðmundur Ingimarsson</i> <i>Guðbjörg Helga Jónsdóttir</i> <i>Guðmundur F. Jónsson</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

112 og Tetra

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Egilsstaðaflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Viðbragðsaðilar þurfa að leggja meiri áherslu á að yfirfara boðunarlista fyrir æfingu og leiðréttu strax villur í boðunarprófun sem fram fer á fimmtudegi.

Menn mættu vera agaðri í fjarskiptum. Mikið um langlokur og frammiköll. Líklega þarf að fara strax á vinnutalhópa til að dreifa fjarskiptum.

Finna þarf út aðferð til að Tetrapatchar gleymist ekki og séu framkvæmdir strax.

Viðbragðsaðilar þurfa að kalla eftir að Tetrapatch sé kominn á.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Fjarskipti hjá Flugstöðum urðu mjög ruglingsleg eftir pötchun á Tetra. Kom til vegna skanngrúpu sem flugstöðir eru með virka.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Boðun send út: 11:50

Boðkóði: Æfing-Flugslys Egilsstaðir: Neyðarstig LAND - F1> Brotlending norðurendi flugbrautar 50 sæta vél eldur laus

Sömu skilaboð send í talskilaboðum með boða.

Boðun gekk vel þrátt fyrir miklar raunverulegar annir á 112. Boð byrjuðu að skila sér strax á fyrstu 2 mínútum eftir uppkall frá turni.

Sæmilega gekk að virkja loftbrú í SST.

Boðunarfjarskipti frá flugturni við 112 voru góð og sérstaklega í ljósi þess að turnmenn eru ekki vanir að nota þau. Agaðir í tali. Hefði mátt láta varðstofu 112 hafa meiri upplýsingar strax í byrjun.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Upplýsingar frá Tetra

Tetra talhópanotkun við flugslysæfinguna laugardaginn 12. sept						
	Talhópur	D-1	Av-AL_1	Av-AL_2	Av-3	Av-4
föstudagur	Uppköll	30	72	26	0	0
	tími	05:40	00:25:35	03:30	0	0
	lykjanir(plt)	60	153	31	0	0
laugardagur	Uppköll	258	194	351	68	115
	tími	01:12:33	01:06:00	01:51:54	17:13	0:26:09
	lykjanir(plt)	754	311	801	137	211

Flugslysæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
söfnunarsvæði slasaðra/aðhlyningarstjórar	rri/aa Ragnildur Rós Indriðadóttir hjúkrunarfræðingur/ Aðalsteinn Aðalsteinsson sjúkraflytningamaður

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkraflytningabílstjórar, starfsmenn Flugleiða og Flugstoða, félagar úr skyndihjálparhóp rauðakrossdeildar Héraðs- og Borgarfjarðar

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
á SSS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Hvað undirbúning varðar var ekki alveg ljóst hvernig flæði upplýsinga ætti að vera, e.t.v þarf að æfa það sérstaklega fyrir ÆFINGUNA þ.e hverjum ber að standa skil á hvaða upplýsingum, hvenær og til hverra ? hvort svæðið sem grænum sjkl var úthlutað var of langt í burtu frá greiningarteymi það virtist ekki vera á hreinu hvernig átti að skrá út af SSS? (þarf að vera á hreinu hvert sjkl eru fluttir, hvernig og með hverju en ekki bara að þeir hafi verið fluttir í burt)
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðli
mikill tími fór í að afla upplýsinga til aðila sem kölluð eftir þeim til aðhlyningarstjóra en hefðu átt að fá þær hjá AST skráning út af SSS ekki fullnægjandi (vantaði að greina frá áfangastað og flutningstæki) flutningsgeta sjúkrabíla frá SSS ónóg Á talningarblöðum á SSS þar sem sjkl eru útskrifaðir þarf að vera dálkur með hvernig og hvert er flutt

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skriflega upplýsingar um ytri ramma æfingarinnar og allrar framkvæmdarinnar voru góðar

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

starfsmenn Flugstoða og Flugleiða komu sterkir inn við merkingar og aðstoð á SSS

áverkamat gekk vel

fjarskipti við hina "stjórana" á æfingunni gengu greiðlega

Almennt:

Framkvæmd æfingarinnar á SSS gekk nokkuð snurðulaust þrátt fyrir fáar hendur. Hvað snertir innra skipulag svæðisins mætti hugsa sér það betra, svæði fyrir græna var berskjaldað vegna mikils glugga sem veit beint út á bílastæði almennings. Söfnunarsvæði svartra hefði mátt vera fyrir utan (td í flugskýli)



Flugslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarsveitin Hérað	<i>Kjartan Benediktsson</i>

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, slökkvilið, aðrar björgunarsveitir, sjúkraflutningamenn,

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Björgunarsveitin var með mannskap í Aðgerðastjórn, á söfnunarsvæði slasaðra, vettvangsstjórn og mannaði stöðu flutningastjóra.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Björgunarsveitin hefði mátt fá útkallsboð frá Neyðarlínunni. Mannskapur frá okkur var takmarkaður. Engin fjarskipti á milli björgunarmanna og björgunarstjóra. Menn frá okkur settir í stjórnunarstöður. Vettvangsstjórn var of langt frá vettvangi. Yfirsýn vettvangsstjórnar hefði mátt vera betri.
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
Tryggja að björgunarsveitin Hérað sé á skilgreindum útkallslista hjá Neyðarlínunni vegna flugslyss við Egilsstaðaflugvöll. Björgunarsveitarmenn sinni aðeins því að vera hinar vinnandi hendur á vettvangi. Björgunarsveitarmenn noti vhf fjarskipti innbyrðis og setji einn stjórnanda sem verði þá tengiliður við björgunarstjóra. Björgunarsveitarmenn vinna allir á vettvangi að eiginlegu björgunarstarfi, stjórnunarstöður verði mannaðar af öðrum. Vettvangsstjórn verði staðsett nær vettvangi til að hafa meiri yfirsýn. Nota körfubíl til að fá yfirsýn yfir svæðið, hægt að gera sér mjög góða grein fyrir skaðasvæðinu þegar búið er að hífa menn upp í 28 metra hæð eins og hægt er hér á Egilsstöðum.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfingin gekk að okkar mati vel og í raun mjög vel þrátt fyrir að vantað hafi mannskap, allar stöður voru mannaðar og úrlausn verkefna nokkuð góð. Samhæfing björgunarmanna á vettvangi góð og allir unnu vel saman. Eitthvað skorti á upplýsingar frá Aðgerðarstjórn út á vettvang en að okkar mati var það í raun allt innan eðlilegra marka. Þeir björgunarmenn sem mættu frá okkur stóðu sig afar vel og hvergi drógu menn af sér fyrir en allt var yfirstaðið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Halda fleiri skrifborðsæfingar og ekki láta líða allt að 10 ár á milli þessara stóru æfinga.

Almennt:

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Björgunarsveitin Hérað missir u.þ.b. helming hins virka kjarna til sjúkraflutninga og í slökkviliðið í aðgerð sem þessari. Aðgerðarstjórn er að miklu leyti mönnuð frá okkur. Kerfið ætlast til mikils af okkur og björgunarsveitunum er ætlað að fylla þau skörð sem aðrir aðilar ná ekki að manna. Þrátt fyrir þetta fáum við bággt fyrir. =

Okkur vantar fleira fólk í björgunarsveitirnar.

Talstöðvarfjarskipti innan björgunarsveitanna þurfa að fara fram á vhf, einn eða fleiri stjórnendur, eftir atvikum verða í Tetra sambandi við aðra stjórnendur á vettvangi.

Björgunarsveitir sinni aðeins því hlutverki að vera hinar vinnandi hendur á vettvangi, þ.e. allir björgunarsveitarmenn vinna á vettvangi að leit og björgun. =

Björgunarsveitir manna ekki lykil og stjórnunarstöður á vettvangi.

Egilsstaðir 2009 - Skýrsla ráðgjafa og lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Áfallahjálp - sálgæsla	Margrét Blöndal Guðrún Eggertsdóttir Jóhann Thoroddsen

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Rauðakross deild Héraðs og Borgarfjarðar, kirkjan, Hsa.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði aðstandenda, SSS, fjöldahjálparstöð, flugvelli.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<p>Hefði gagnast að hafa fræðslu fyrir lausnaraðila mánuði fyrir æfingu. Reyndist ekki unnt vegna sumarleyfa. Betra væri að hafa æfingu fyrir svo stóran flugvöll að vori svo undirbúningstími nýtist betur. Einnig væri hægt að samkeyra fræðslu fyrir Vopnafjörð til að draga úr kostnaði heimamanna við æfingu.</p> <p>Æfingin fór að mestu fram sem skrifborðsæfing þar sem fáir leikarar voru. Heilbrigðisþjónustan tilnefndi ekki fulltrúa í samráðshóp áfallahjálpar né til að fylgjast með æfingu m.a. vegna manneklu.</p>
Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis
<p>Bakvaktarsímtöl presta eru áframsend í gsm númer þess prests sem er á vakt hverju sinni. Sms skilaboð BOÐA áframsendast ekki eins og símtölin. Þetta er ekki hægt að leysa nema að prestar flytji vakt símtækið á milli sín sem er of flókið í framkvæmd. Lausn á þessu væri að allir prestar á svæðinu fái sms skilaboð BOÐA í sín tæki en bakvaktarprestur bregðist einungis við þeim. Kosturinn við þetta er að þá vita allir prestar um atburð því líklegt er að fljótlega þurfi að kalla út fleiri.</p> <p>Einn prestur á bakvakt var ekki í útkallslista Egilsstaðaflugvallar.</p> <p>Beiðni um prest fyrir SSS barst ekki til presta.</p> <p>Beiðni um fleiri presta skilaði sér ekki til hópslysanefndar kirkjunnar</p>

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Æfingin og undirbúningur hennar var nýttur til að samræma áætlanir kirkju, Rauða kross og heilbrigðisþjónustu um áfallahjálpar. Einnig að ná saman fulltrúa kirkju, Rauða kross og heilbrigðisþjónustu í samráðshóp áfallahjálpar. Útbúin var leiðbeiningarmappa með upplýsingum og skráningarblöðum sem þessir aðilar geta notað og aðlagð að verkefnum í framtíðinni.
- Á austurlandi er mikið af fagfólki sem hægt er að kalla út til áfallahjálpar í stórum aðgerðum, s.s. prestar, starfsfólk- og sjálfboðaliðar Rauða krossins, munkar, nunnur, hjúkrunarfræðingar og sálfræðingur. Undirbúningur æfingar og æfingin sjálf gerði mörgum þeirra kleyft að hittast og tala um formlegri samvinnu.
- Æfingin og undirbúningur var minna að umfangi en oft áður í þessum verkþætti og var því úrvinnslufundur sameiginlegur með fjöldahjálpar Rauða krossins. Þetta er sennilega heppilegra fyrirkomulag en að draga áfallahjálpar/sálgæslu á sérstakan fund.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- Samstarf presta og Rauða kross liða gengu vel. Boðun gekk upp.
- Myndaður var samráðshópur áfallahjálpar. Prestur og fjöldahjálparstjóri mynduðu hópinn og höfðu reglulega stöðufundi.
- Fjöldahjálparstjóri óskaði eftir áfalleteymi utan umdæmis gegnum aðgerðarstjórn. Svar barst um að það kæmi.



Egilsstaðir 2009 - Skýrsla ráðgjafa og lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Rýnifundur	Kristján Torfason

Bjarni Sighvatsson Flugstoðum setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Hann sagði að tilgangur fundarins væri að ræða helstu atriði æfingarinnar og draga fram lærdóm af henni m.a. í þeim tilgangi að endurbæta, ef þörf krefur, nýsamþykka flugslysaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll. Hann lýsti ferli æfinga og tengslum þeirra við flugslysaáætlanir. Hann hvatti alla þátttakendur til að kynna sér rækilega a.m.k. þann hluta flugslysaæfingarinnar sem að hverjum snéri og senda Rögnvaldi Ólafssyni hjá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra athugasemdir ef einhverjar eru. Þá hvatti hann alla þá sem eiga að skila skýrslum sem safnað verður saman í eina lokaskýrslu fyrir æfinguna að gera það sem allra fyrst og ekki síðar en 18. september n.k. Honum fannst æfingin hafa gengið mjög vel en í ljósi stærðar hennar hafi vantað fleiri vinnandi hendur, sérstaklega frá björgunarsveitum. Það hafði þó ekki nein árif á lærdómsgildi æfingarinnar en lengdi tímenn sem verkefnið tók.

Vigdís Agnarsdóttir Flugstoðum sagði að 29 leikarar hafi tekið þátt í æfingunni og þar að auki voru notaðar 6 dúkkur eða samtals 35 fórnarlömb. Í könnun sem var gerð meðal leikara kemur fram að þeim hafi almennt þótt undirbúningur fyrir æfinguna og æfingin sjálf ganga vel. Þeim fannst meðferðin sem þeir fengu eðlileg og flest allir áverkar fundust á þeim. Leikarar upplifðu æfinguna á jákvæðan hátt og þótti þeim skemmtilegt og spennandi að taka þátt í henni.

Hjalti Bergmar Axelsson vettvangsstjóri sagðist sammála því æfingin hafi gengið ágætlega. Lögreglan fékk að vísu ekki útkall nema að litlu leyti en þeir hafi orðið varir við reyk og mættu þá á svæðið. Fjórir voru í vettvangsstjórn þar af fórnarlömbin á vettvang til aðstoðar björgunarstjóra. Til að byrja með gekk treglega að fá verkþáttastjóra til að láta sitt fólk fara á sínar vinnurásir en að lokum gekk það vel. Vettvangsstjórn átti góð samskipti við Aðgerðarstjórn en einhver truflun var frá Rauða krossinum á AV_AL_1 sem orsakaði að Vettvangsstjórn náði ekki alltaf sambandi við Aðgerðarstjórn. Ekki var nóg að björgunarfólki við vinnu á vettvangi og bað vettvangsstjórn um að fá sent fleira fólk þar sem kom í ljós að það voru þolendur utan við vettvanginn við slysstaðinn og var því óskað eftir flugvél til leitar á vettvangi. Einhver ruglingur kom fram í talningu fórnarlamba en hún gekk síðan upp í lokin.

Víðir Sigbjörnsson björgunarstjóri sagðist hafa byrjað á því að skanna svæðið og tala við varðstjóra hjá slökkviliði flugvallarins og tók við vettvanginum. Hann sagðist hafa átt erfitt með að halda utanum og fylgjast með talningu sjúklinga. Öll samskipti gengu vel. Þeir voru 8 í slökkviliðinu og fengu 3 til aðstoðar frá Seyðisfirði. Þar var einn kafari sem hafði tekið allan sinn búnað með sér. Hann var sendur yfir ána og gaf hann þær upplýsingar að það væri stélið á flugvélinni sem logaði í þar og það ætti helst ekki að slökkva í því. Töluvert mál var að koma mannskap yfir ána. Það vantaði sjúkraflutningamenn og fleiri í að bráðaflokka.

Jens Hilmarsson gæslustjóri sagði að það væri hlutverk gæslustjóra að vernda vettvanginn með því að koma upp lokunum og gekk það mjög vel strax í byrjun. Fyrsti sjúklingur var fluttur af vettvangi kl. 12:14. Einhver ruglingur var með talningu slasaðra aðallega vegna þess að greiningaspjöldin voru að tynast af sjúklingum.

Loftur Magnússon flutningastjóri að einhverjir hnókrar hafi verið á fjarskiptum það sem illa gekk að fá aðila til að flytja sig á sínar vinnurásir. Hann tók undir það að það vantaði fleira björgunarfólk á vettvang.

Lárus Bjarnason aðgerðarstjóri sagði að bæjarslökkviliðið sem er staðsett utan við hlið komst ekki inn fyrir hliðið. Boðunarmál virðast ekki í lagi. Lögreglan fékk boð seint og illa og einnig voru björgunarsveitarmenn sem ekki fengu boð. Samskipti vegna loftbrúar voru

eitthvað skrítn á köflum. Stefán Þórarinnsson pantaði greiningasveit sem var ekki send af stað og kom fram að loftbrúin væri samkvæmt skipulagi, eitthvað sem aðgerðarstjórn vissi ekki hvað þýddi. Skortur var á upplýsingum frá vettvangsstjórn. Vettvangur var ekki mikið að biðja um bjargir þannig að aðgerðarstjórn leit svo á að það væri allt í lagi hjá þeim. Beiðnum fjölgaði þó þegar leið á æfinguna. Eins og fram hefur komið voru allt of fáir björgunarsveitarmenn á staðnum. Tímasetningar á áætluðum lendingum sjúkraflugvéla voru ekki gefnar upp og var aðgerðarstjórn í basli með að fá þær upplýsingar ásamt flutningsgetu flugvéla. Fulltrúi HSA í aðgerðarstjórn náði ekki sambandi við Samhæfingarstöð á TETRA. Skortur var á að hjálparaðilar tilkynntu sig inn og ríkti því óvissa í aðgerðarstjórn um það hverjir væru á staðnum. Illa gekk að fá farþegalistann og fengust þau svör að hann lægi ekki á lausu og það væri bara einhverjir útvaldir sem fengu hann. Síðar var reynt að senda farþegalistann til aðgerðarstjórnar en einhver tæknibilun kom í veg fyrir það. Eitthvað vesen var á sambandi milli aðgerðarstjórnar og björgunarstjóra og skýrir það sennilega að illa gekk að fá upplýsingar um tæki og mannskap á vettvangi. Einhver ruglingur var á talningu og flokkun sjúklinga en að lokum gekk að stemma hana af. Öll samskipti milli manna gengu mjög vel, allir póstar voru mannaðir og var yfirvegum og fagmennska var áberandi. Fjarskipti gengu almennt mjög vel. Þá kom hann með nokkrar tillögur til úrbóta. Huga þarf að samskiptum aðgerðarstjórnar og samhæfingarstjórnar varðandi loftbrú og bjargir að sunnan. Fulltrúi HSA í aðgerðarstjórn þarf að hafa aðstoðarmann og loggara og þyrfti hann að vera í meira skjóli. Einnig þyrfti hann að hafa headsett þar sem hann er svolítið sér í svona aðgerð.

Stefán Þórarinnsson framkvæmdastjóri lækninga hjá HSA var í Aðgerðarstjórn. Hann sagði að samskipti við Samhæfingarstöðina hafi verið ákaflega sérkennileg og þarf að fara vel yfir það. Hann sagðist hafa verið á sama talhóp og Samhæfingarstöðin en samt virtist sem hún vissi aldrei neitt um það sem hafði farið fram á þessum sama talhóp. Hann sagðist hafa reynt að kalla í Samhæfingarstöðina á TETRA en fékk aldrei svar en fékk svo svar þegar hann notaði símann. Einnig var Samhæfingarstöðin að gera hluti sem vörðuðu hans verksvið en hann frétti ekki af því. Hann sagði að Samhæfingarstöðin hafi verið mjög upptekin af því að fá að vita hvert við ætluðum að senda sjúklingana, jafnvel áður en sjúkraflugvéla voru komnar til Egilsstaða. Það er nánast ómögulegt að ákveða þetta fyrir en sjúklingurinn er kominn um borð í flugvélin þar sem ástand hans getur stöðugt verið að breytast. Hann sagði að sig hafi vantað samstarfsaðila í Samhæfingarstöðinni. Þá sagði hann að það hafi vantað „leikstjóra“ á æfingunni. Æfingin er ekki í rauntíma ekki voru allar persónur á staðnum. Það vantaði einhvern sem sagði t.d. „nú er þetta að gerast“, „nú er komin hjálp frá þessum“, „nú er komin sjúkraflugvél“. Hann þakkaði að lokum fyrir æfinguna og sagði hana hafa verið gagnlega og skemmtilega.

Halla hjúkrunarstjóri á HSA sagði að þau hafi staðið frammi fyrir því að þátttaka frá þeim yrði ekki mikil og myndi byggjast mikið á varafólki þar sem um sjálfboðavinnu væri að ræða og erfitt væri að fá opinbera starfsmenn til að mæta í sjálfboðavinnu. Farið var af stað vitandi af því að stjórnun innanhúss var veikleiki og samskipti milli heilbrigðisstarfsmanna á TETRA var veikleiki þar sem starfsfólk hafði ekki reynslu á notkun kerfisins og þurfti því að æfa notkun þess. Fljótt kom í ljós að TETRA samskiptin voru mjög mikilvæg. Boðunin gekk vel og einnig gekk vel að koma mannskap úr húsi og á vettvang. Fljótlega var beðið um lyf og vökva og kláraðist nánast lager stofnunarinnar á Egilsstöðum á skömmum tíma. Hún sagði að aðhlyningarstjóri hafi staðið sig mjög vel þrátt fyrir að hafa ekki verið í svona hlutverki áður og hafi honum nánast verið hent út í djúpu laugina án þess að vita hvað hann væri að fara útí. Rennsli á SSS var ekki eðlilegt þar sem notast var við pappírs hjúkrunarfræðinga og lækna. Mikið álag var á aðhlyningarstjóra og töluvert áreiti frá SST þar sem verið var að spyrja um stöðu á flutningi sjúklinga. Henni fannst einkennilegt að SST væri að kalla inn á SSS eftir

svona upplýsingum þar sem það væru aðrar leiðir sem eru ætlaðar fyrir SST til að nálgast þessar upplýsingar. Mjög erfitt var að átta sig á hvar sjúkraflugvélar voru staddar. Hún benti á vegna þess að birgðir á HSA hafi klárast þá verði viðbragðsaðilar á austurlandi sem eru á leið til aðstoðar að taka búnað með sér eins og súrefni, vökva og umbúðir. Hún tók fram að starfsfólk Flugstoða og Flugfélags Íslands hafi staðið sig mjög vel við aðstoð á SSS og einnig starfsfólk Rauða kross Íslands og benti á það að það mætti kalla til fólks til starfa á SSS sem væri vant almennri umönnum þegar skortur væri á fagfólki.

Sædís talaði fyrir Rauða krossinn og sagði að það hefði verið betra að hafa fræðslu fyrir æfinguna fyrir þ.e. um mánuði fyrir æfingu. Það væri einnig betra að halda svona æfingar að vori þar sem sumarið nýttist illa fyrir undirbúning fyrir svona æfingu. Hún sagði að beiðni um að fá prest á SSS hafi ekki borist til presta. Þá sagði hún að of fáir leikarar hafi verið til að leika aðstandendur. Hún sagði að margir hafi komið að áfallahjálpi t.d. prestar, munkar, starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins, hjúkrunarfræðingar og sálfræðingur. Það hafi verið gott fyrir þetta fólk að vinna saman og kynnast hvort öðru og æfa samvinnu milli presta og munga annarsvegar og heilbrigðisþjónustunnar hins vegar.

Bragi Rannsóknarnefnd flugslysa sagði að þeir hafi sett upp sína æfingu til hliðar við aðal æfinguna. Þar hafi tveir starfsmenn RNF komið að verkefni þar sem aðilar úr björgunargeiranum hafi veitt upplýsingar til úrvinnslu. Þetta gekk mjög vel og einnig gengu öll samskipti við björgunaraðila mjög vel. Æfingin í heild sinni virtist ganga vel og þakkaði hann fyrir hana.

Guðmundur Ingimarsson Neyðarlínunni sagði að aðkoma Neyðarlínunnar að undirbúningi svona æfingar fælist í því að taka á móti tilkynningum frá viðbragðsaðilum um breytingar á útkallslistum Neyðarlínunnar. Hann lagði áherslu á að það væri á ábyrgð viðbragðsaðila að koma breytingum á framfæri við Neyðarlínuna og einnig að tryggja að þeirra listar séu inni í viðbragðsáætluninni. Á þessari æfingu hafi komið í ljós að útkallslistar lögreglunnar og hluti af listum björgunarsveita voru ekki inni í viðbragðsáætluninni og það væri mjög slæmt mál. Boðunin gekk vel en það sem gerðist var að á sama tíma og boðun átti að hefjast myndaðist mikið álag á Neyðarlínunni vegna raunverulegra slysa og annarra F1 sjúkraflutninga. Hann sagði að það hafi verið gott að fá þetta inn á sama tíma til að sýna hvernig raunveruleikinn geti verið. Þetta kom þannig fram að þegar neyðarkallið kom frá flugturninum voru allir þrír starfsmenn Neyðarlínunnar í símanum og á meðan þeir eru að tala í símann lokast fyrir fjarskiptin á TETRA. Þetta var ástæðan fyrir því að Neyðarlínan svaraði ekki flugturninum strax. Hann sagði að þetta væri gott tækifæri til að vekja athygli viðbragðsaðila á því að ef þeir kalla á Neyðarlínuna og fá ekki svar strax þá eiga þeir að bíða í nokkrar sek. og kalla svo aftur og kanna hvort einhver neyðarvörðurinn hafi losnað. Samkvæmt fulltrúa Neyðarlínunnar í SST gekk vel að virkja loftbrú að öðru leyti en því að símanúmeri hjá Flugfélagi Íslands hafði verið breytt. Upplýsingagjöf frá flugturni var skýr. Fjarskipti á TETRA gengu mjög vel. Vegna ábendinga um að Neyðarlínan beindi viðbragðsaðilum inn á réttar vinnurásir tók hann fram að það væri alfarið á ábyrgð stjórnenda á vettvangi en væri ekki hlutverk Neyðarlínunnar að sjá um það. Neyðarlínan sér einungis um boðunina og er inni í atburðinum til að byrja með. Allt fjarskiptaskipulag eftirá sjá stjórnendur á vettvangi um og Neyðarlínan kemur ekki nálægt því. Neyðarlínan var beðin um að „patcha“ saman talhópana AV_AL1 og FST Uppkall. Þessu „pötkun“ gekk ekki upp vegna þess að TETRA stöðvar Flugstoða eru stilltar á skönnun sem varð til þess að AV_AL1 „patchaðist“ við alla talhópa sem eru í stöðvum Flugstoða þar á meðal D1 þar sem bakskipulag æfingarinnar var að vinna og úr varð algjör fjarskipta grautur.

Magnús flugturninum sagði að TETRA fjarskiptakerfið sem væri nýkomið á flugvöllinn hafi virkað mjög vel. Þá hafi verið útbúið nýtt kerfi til að auðvelda ákvörðun um í hvaða hlutverk sá mannskapur færi sem hafi verið kallaður út vegna slyssins. Spjöldin hanga í ákveðinni röð á nagla á vélaverkstæðinu og á fremsta spjaldinu stendur „Turn“. Þetta þýðir að sá sem fyrstur mætir tekur þetta spjald og setur það um hálsinn og fer í turninn. Á næsta spjaldi, sem er þá orðið fremsta spjald stendur t.d. „Merkja söfnunarsvæði“. Hann sagðist hafa tekið þetta spjald og hafi merkt söfnunarsvæðin og síðan hafi hann átt að fara í vörslu við hliðið inn á flugvöllinn þar til lögreglan kæmi en hún hafi reyndar aldrei komið og hafi hann staðið í hliðinu allan tímann og þyrfti að skoða það mál.

Ársæll Þorsteinsson sagði að þeir hafi farið mjög ítarlega yfir sín hlutverk í flugslýsaáætlun flugvallarins og listuðu upp þau verkefni sem þeir þyrftu að sinna. Unnið var eftir nýja spjaldakerfinu sem Magnús nefndi og þakkaði hann Benedikt fyrir en hann átti hugmyndina að þessu formi. Tveir slökkvibílar flugvallarins ásamt tveim mönnum komu fyrstir á vettvang og þriðji bíllinn nokkru síðar ásamt bíl með neyðarkerru en sá bíll var mannaður af starfsfólki Flugfélags Íslands. Menn frá Flugstoðum komu með bát á vettvang og nokkru síðar voru tveir menn sendir á vettvang til aðstoðar. Tveir starfsmenn Flugstoða voru í brautarstjórnun og einn í hliðvörslu. Spjaldakerfið virkaði mjög vel og það var enginn vafi á því í hvaða hlutverk menn ættu að fara. Einhverjir tæknilegir hnökrar voru á því að ná froðu úr eldri stóra slökkvibílum en hann er kominn til ára sinna og því ekki áreiðanlegt öryggistæki.

Einar Flugfélagi Íslands sagði að þeirra þáttur hafi gengið mjög vel. Venjulega eru einungis tveir menn á vakt en þeir voru í fríu voru kallaðir út þannig að fimm manns tóku þátt í æfingunni. Þeir keyrðu sitt prógramm eins og ein vakt væri á staðnum þ.e. tveir vaktstjórar voru inni þar sem er venjulega einn og tveir menn voru sendir á vettvang með neyðarkerruna sem undir venjulegum kringumstæðum hefði bara verið einn. Þeir sem fóru á vettvang sögðust hafa lent strax í kringumstæðum sem þeir losnuðu ekki úr og voru um tvo tíma á vettvangi. Kallað var upp í kallkerfi og tilkynnt að það hafi orðið alvarlegt atvik og spurt hvort það væru einhverjir fagmenn í salnum s.s. hjúkrunarfólk eða björgunarsveitarmenn. Ein Rauða kross kona gaf sig fram og var hún strax virkjuð í aðhlyningarstörf. Undir venjulegum kringumstæðum má búast við að um 70 manns séu í biðsalnum. Um 50 manns sem hafa verið innritaðir sem ætluðu að fara með flugvélinni og 20 manns sem væru að taka á móti farþegum úr flugvélinni. Rauða kross fólk sem mætti á staðinn og átti að fara á SSS var ekki sérstakleg merkt og því ekki gott að átta sig á því. Þetta eru allt smáatriði sem auðvelt er að lagfæra og í heildina var æfingin mjög góð.

Rögnvaldur Ólafsson Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ítrekaði að það væri á ábyrgð hvernar viðbragðseiningar að sjá til þess að upplýsingar í boðunargrunni 112 væru réttar. Varðandi fjarskipti þá klikkar yfirleitt mannlegi þátturinn. Hann sagði að TETRA kerfið væri nýtt og ekki allir búnir að ná alveg tökum á því og hvatti hann alla til að læra vel á kerfið og æfa notkun á því. Hann sagði að í SST væri starfsfólk frá heilbrigðisgeiranum sem hefði ákveðnar skyldur gagnvart sjúkrastofnunum á landinu og gagnvart sjúkraflutningum og þetta fólk væri að sækja sér upplýsingar sem það þyrfti. Ef einhverjir árekstrar eða hnökrar væru á því verkefni verði að skoða það.

Kjartan Benediktsson formaður Björgunarsveitarinnar Héraðs á Egilsstöðum sagði að of fáir björgunarsveitarmenn hafi mætt til æfingarinnar. Skýringin á þessu væri sú að þrátt fyrir öflugt starf björgunarsveitarinnar væri það svo að þegar sjúkraflutningsmenn og slökkviliðsmenn sem væru í sveitinni væru farnir til sinna starfa væri búið að höggva stórt skarð í sveitina. Einnig voru margir björgunarsveitarmenn við aðra vinnu á þessum tíma.

Miðað við þetta er mæting á æfinguna betri en hann átti von á. Hann taldi einnig að skortur á björgunarsveitarmönnum hafi stafað af því að Björgunarsveitin Hérað fékk ekki boð og þar væru um 80 manns sem fengu ekki boð. Hann sagðist vera að heyra það í fyrsta sinn núna að það væri á ábyrgð björgunarsveitarinnar að sjá til þess að hún væri inni í þessu boðunarkerfi. Heilt yfir sagðist hann vera ánægður með æfinguna, allir póstar voru mannaðir og allir voru að vinna sín störf mjög vel. Það eina sem vantaði var fleira björgunarsveitarfólk.

Rögvaldur Ólafsson Almanna- og borgarvarnardeild ríkislögreglustjóra leiðrétti misskilning varðandi boðunina. Það væri hlutverk Almanna- og borgarvarnardeildar ríkislögreglustjóra að velja hvaða hópar eiga að fá boð samkvæmt Flugslysaáætlun Egilsstaðaflugvallar eins og. t.d. Björgunarsveitin Hérað. Neyðarlínan sér um að framkvæma boðunina samkvæmt nafnalista frá björgunarsveitinni. Björgunarsveitin sér um að nöfn og símanúmer séu rétt.

Guðjón Már formaður svæðisstjórnar björgunarsveita á austurlandi. Hann furðaði sig á þörf heilbrigðisstarfsmanna fyrir að vera með sín fjarskipti á sér rásum. Þeir vilja vera með beint samband inn á vettvang þar sem þeir eru að trufla þá sem eru að störfum þar.

Davíð starfaði í fjarskiptum í aðgerðarstjórn. Hann sagðist sammála því að það vantaði „leikstjóra“ á æfingunni sem upplýsti hvað væri að gerast hverju sinni. Fjarskipti á TETRA við Samhæfingarstöðina gengu vel en stundum voru þeir að biðja um upplýsingar sem lágu þegar fyrir í grunninum.

Eiríkur Björn bæjarstjóri á Fljótdalshéraði sagði að flugsamgöngur væru mjög mikilvægar á þessu svæði og Egilsstaðaflugvöllur væri eitt af mikilvægustu samgöngumannvirkjum á svæðinu. Hann þakkaði fyrir hönd sveitafélagsins öllum sem tóku þátt í undirbúningi æfingarinnar og einnig þeim sem tóku þátt í æfingunni sjálfri fyrir þeirra framlag.

Árni Birgisson Flugstöðum sagði það ánægjulegt að vera með í svona æfingu. Hann sagðist ekki vilja gera lítið úr athugasemdum varðandi boðunarmál og samskipti við Samhæfingarstöðina en borið saman við athugasemdir frá flugslysaæfingum í gegnum árin væri þróunin sú að athugasemdir sem við erum að sjá eftir æfingar núna væru stöðugt að verða færri og efnisminni en hér áður fyrr. Það að allir bregðist við og samhæfing viðbragðsaðila sé þannig að allir eru að vinna samkvæmt flugslysaáætluninni þannig að menn viti hvert þeir eiga að fara og til hvers er ætlast af þeim er það sem skiptir megin máli. Samhæfing aðila á þessari æfingu gekk vel og það er það sem skiptir svo miklu máli og geta þátttakendur í æfingunni verið stoltir af því. Lærdómsartíðin þarf að taka fyrir og laga. Mikilvægt varðandi það er að þau atriði komi fram í skýrslum frá þátttakendum þannig að hægt sé að taka á þeim.

Bjarni Sighvatsson þakkaði öllum fyrir ánægjulega samvinnu.

Ársæll Þorsteinsson Flugstöðum þakkaði öllum fyrir þátttökuna í æfingunni og sagði henni slitið.